

1. LANDKYNNING Í N-AMERÍKU ÁRIÐ 2000.

Árið 2000 efndu íslensk stjórnvöld, í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og utan, til viðamestu Íslandskynningar sem um getur í Norður-Ameríku. Meginuppistöður þessa átaks voru þrjár:

- (1) Farandsýning um sögu Víkinga í 7 borgum BNA og Kanada, 2000-2002
- (2) "Vínlandssigling" Íslendinga, í kjölfar Leifs Eiríkssonar
- (3) Dagskrá Landafundanefndar í 14 borgum BNA og 43 borgum og byggðum Kanada (alls um 250 atburðir).

2. HVER VAR ÁRANGURINN?

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins í New York og ráðgjafarfyrirtækið "Smart Research" hafa reynt að svara þeirri spurningu, hversu margt fólk í N-Ameríku (Bandaríkjunum og Kanada) hafi numið þá miklu umfjöllun sem Víkingasýningin og Vínlandssiglingin sérstaklega fengu í ljósvaka og prentmiðlum. Niðurstöður eru þessar:

1. jan.-16. júní: 30 milljónir sjónvarpsáhorfenda og lesenda. Þessi tala er þó langsamlega vanmetin, þar sem umfjöllun áhrifamikilla fjölmiðla um Víkingasýninguna (eins og t.d. National Geographic, Time, Newsweek, US News & World Report, N.Y. Times og Wall Street Journal), og allra helztu stórblaða, sem fjölluðu rækilega um sýninguna í helgar- og menningarblöðum, er ekki meðtekin
17. júní: 20 milljónir sjónvarpsáhorfenda; bakgrunnsefni frá Íslandi og brottför Íslendinga.
7. sept.-25. okt.: 32 milljónir manna sáu umfjöllun um Íslending og komu víkingaskipsins til þessara 7 hafna á þessu tímabili.
6. apríl-22. okt.: Um 15 milljónir Kanadamanna urðu rækilega varir við fjölmiðlaumfjöllun þar í landi vegna þessara atburða.
- Ward-TV/PBS: Talið er að allt að 140 milljónir sjónvarpsáhorfenda hafi séð heimildarmynd Valgeirs Guðjónssonar um Leif heppna á 220 stöðvum PBS (History & Discovery Channels m.a.)

Því virðist óhætt að slá því föstu að milli 230 og 240 milljónir manna hafi fylgst með fjölmiðlun um Víkingasýninguna og Vínlandssiglinguna. Við þetta má bæta aðsókn að Víkingasýningunni í Washington, D.C. og N.Y. (4,5 milljónir), aðsókn að ljósmyndasýningu Páls Stefánssonar í N.Y. (1,0 milljónir) og aðsókn að dagskrám Landafundanefndar.

Ráðgjafarfyrirtækið "Smart Research" hefur metið fjölmiðlaumfjöllun um Vínlandssiglinguna (7. sept.-25. okt.) til "ad equivalency" upp á rúmar 5,6 milljónir dollara. En þegar tillit er tekið til þess að þessi umfjöllun var einatt í "prime time" á sjónvarpi og á forsíðum virtra blaða og tímarita, margfalda þeir auglýsingagildið með þremur til að fá "Publicity Value" eða almannatengslagildi. Þegar litið er á heildarmyndina - 240 milljónir einstaklinga sem nutu fjölmiðlunar eða tóku þátt í þessum atburðum, er óhætt að slá því föstu að almannatengslagildi ("Publicity Value") sé a.m.k. tvöfalt mat Smart Research eða um 40 millj. USD, borið saman við útgjöld landafundanefndar 410 millj. IKR.

3. "VIKINGS - THE NORTH-ATLANTIC SAGA"

Þessi farandsýning sem fer til 7 borga (sjá fylgiskjal 7) á 3 árum var undirbúin í samstarfi The Smithsonian Institution, The National Museum of Natural History, Norræna ráðherraráðsins og Þjóðminjasafna Norðurlanda. Fjármögnun kom að stærstum hluta frá Volvo, Norræna ráðherraráðinu og norrænum fyrirtækjum, starfandi á Bandaríkjamarkaði. Þau söfn sem taka við sýningunni í framhaldinu leggja öll fram sinn skerf til hennar. Auk sýningarinnar sjálfrar gaf Smithsonian Institution Press út vandað fræðirit um efnið undir sama heiti. Fjörutíu og tveir sérfræðingar frá tólf þjóðum (þar af fjórir íslenskir) lögðu til efnið. Forsetafrú, Hillary Rodham Clinton, ritar formála að bókinni. Þar sem sókn Víkinga yfir Atlantshafið, landkönnun og landnám, er að mestu íslensk saga byggð á íslenskum heimildum, reyndist hlutur Íslands í sýningunni og umfjöllun um hana vera stór. Alls hafa 4,5 milljónir manna sótt sýninguna í Washington D.C. og New York, auk þess sem um ein milljón gesta hafa heimsótt ljósmyndasýningu Páls Stefánssonar í American Museum of Natural History í New York: Iceland - The Land of the Vikings.

4. "VÍNLANDSSIGLING" ÍSLENDINGS Í KJÖLFAR LEIFS HEPPNA

Sigling Gunnars Marels Eggertssonar, skipasmiðs og skipstjóra og áhafnar hans á "Íslendingi", í kjölfar Leifs heppna, vakti firna athygli í fjölmiðlum (sjá fylgiskjal 5).¹ Um 20 milljónir manna sáu sjónvarpsefni frá brottför skipsins frá Reykjavík þann 17. júní. Um 32 milljónir voru aðnjótandi umfjöllunar um skipið og siglinguna eftir að það kom til hafna á austurströnd Bandaríkjanna (frá 7. september til 25. október 2000 - sjá fylgiskjal 3). Þar við bætist að u.þ.b. helmingur Kanadamanna (ca 15 milljónir manna) er talinn hafa fylgst með komu skipsins til Nýfundnaland (10 hafnir) og Nova Scotia (3 hafnir - sjá fylgiskjal 3). Alls hafa því tæplega 70 milljónir manna fylgst með þessu ævintýri í Bandaríkjunum og Kanada. Það er meiri almannatengslaárangur en nokkur þorði að gera sér vonir um - fyrirfram.

Landafundanefnd styrkti Vínlandssiglingu Íslendinga með fjárframlagi að upphæð ÍKR 57 milljónir. M.a. samstarfsaðila má nefna Vestnorræna ráðið, grænlenku heimastjórnina og ferðamálaráð Grænlands. Fylkisstjórn Nýfundnaland og ferðamálaráð NFL gerði samstarfssamning við Landafundanefnd og tók þátt í kostnaði sem svarar CAD 240 þús. Aðrir samstarfsaðilar voru fylkisstjórnir í Nova Scotia, borgarstjórnin í Halifax, bæjarstjórnin í Lockport og skrifstofa Flugleiða í Halifax (Hans Indriðason). Alls kom skipið til 11 hafna á Nýfundnalandi (L'Anse aux Meadows, Port Choix, Norris Point, Corner Brook, Port Basque, Bureges, Harbour Breton, Marystown, Placentia, Port de Grave og St. John's). Tugir þúsunda tóku á móti skipi og áhöfn á Nýfundnalandi. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, var fulltrúi íslenskra stjórnvalda við hátíðahöldin í L'Anse aux Meadows, sem var sjónvarpað um allt Kanada. Í Bandaríkjunum kom skipið til 6 staða (Boston, Cape Cod, Providence, R.I., Mystic Seaport og New Haven, Conn., og New York). Samstarfsaðilar voru Boston Aquarium (sem m.a. stóð fyrir málþingi um fiskveiðistjórnun með þátttöku utanríkisráðherra), Providence Mayor's Office, Mystic Seaport Museum, sjálfboðaliðar frá norrænu félögum í New Haven og South Street Seaport Museum og American Museum of Natural History í New York.

¹ Aðrir í áhöfn Íslendinga voru: Jóel Gunnarsson, Herjólfur Bárðarson, Hörður Guðjónsson, Stefán Geir Gunnarsson, Elías V. Jensson, Ellen Ingvadóttir, Pálmi Ásgeir Magnússon og Hörður Adólfsson

5. LANDAFUNDANEFND (The Leifur Eiriksson Millennium Commission)

var skipuð af forsætisráðherra í janúar 1998. Formaður var Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða. Aðrir nefndarmenn voru: Atli Ásmundsson, blaðafulltrúi, Anna Soffía Hannesdóttir, prófessor, Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, Steindór Guðmundsson, verkfræðingur og Kornelíus Sigmundsson, forsetaritari². Framkvæmdastjóri Landafundanefndar var Einar Benediktsson, sendiherra. Aðrir starfsmenn nefndarinnar voru: Kristín Sif Sigurðardóttir, Guðrún Fjóla Gränz, Guðjón Arngrímsson, María Kristín Gylfadóttir.

Í framhaldi viðræðna við forseta Íslands tilkynnti Clinton forseti í ræðu í National Archives í ágúst 1997 að Ísland væri eitt fimm landa sem bandarísk stjórnvöld myndu efna til sérstaks samstarfs við vegna undirbúnings hátíðarhalda í tilefni árpúsundamótanna. Það gekk eftir. Landafundanefnd átti sérstakt samstarf við The White House Millennium Commission, sem starfaði undir verndarvæng forsetafrúarinnar, Hillary Rodham Clinton. Sjálf tók forsetafrúin virkan þátt í samstarfinu: Hún flutti ræðu þegar Víkingasýning Smithsonian stofnunarinnar var fyrst kynnt (Björn Bjarnason, menntamálaráðherra talaði f.h. Norræna ráðherraráðsins). Auk þess ritaði forsetafrúin formála að fræðiriti Smithsonian stofnunarinnar um Víkingatímabilið. The White House Millennium Commission og Landafundanefnd mynduðu sameiginlegan starfshóp og var Einar Benediktsson formaður af Íslands hálfu.

Samstarfsaðilar í Kanada voru fjölmargir. Alríkisstjórnin með forsætisráðherra í fararbroddi og aðra ráðherra að auki; the Canadian Heritage Foundation, The Canada Museum of Civilization, the 125 Millennium Commission, undir forystu Davíðs Gíslasonar, fylkisstjórnirnar í Nýfundnalandi og Labrador og Nova Scotia, fylkisstjórnirnar í Manitoba og fleiri fylkjum, Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi (I.N.L.). Hitann og þungann af starfinu í Kanada bar aðalræðismaður Íslands í Winnipeg, Svavar Gestsson, sérstakur "Emissary for Millennium Affairs", sem kom til starfa 6. apríl 2000. Hátíðahöldin í Kanada hófust 6. apríl í Siðmenningarsafninu í Hull (Québec) þar sem Davíð Oddsson, forsætisráðherra, afhenti Jean Chretien, forsætisráðherra, stytta Ásmundar Sveinssonar af Guðríði Þorbjarnardóttur og Snorra Þorfinnssyni, að viðstöddu fjölmenni (sjá fylgiskjal 2).

6. DAGSKRÁ LANDAFUNDANEFNDAR

bauð upp á framlög eftirtalinna listamanna:

TÓNLIST:

1. Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rico Saccani; Einleikur á fiðlu Judith Ingólfsson; frumflutti "Icerapp" eftir Atla Heimi Sveinsson. 13 tónleikar á jafnmörgum stöðum í Bandaríkjunum og Kanada. Heildaraðsókn 18.500 manns.
2. Karlakór Reykjavíkur
3. Stúlnakór Selfosskirkju
4. Snælandskórinn
5. Kársneskórinn
6. Jazz-trío Björns Thoroddsen og Egill Ólafsson
7. Jazz-hópur Jóels Pálssonar
8. Jazz-kvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur
9. Íslands-trío (Nína Margrét Grímsdóttir o.fl.)
10. Philharmóníusveit Riga undir stjórn Guðmundar Emilssonar (tónleikaferð til 8 borga á austurströnd BNA, að eigin frumkvæði).

² Síðar leystu Róbert Trausti Árnason og Stefán L. Stefánsson, forsetaritarar, Kornelíus af hólmi og Helga Haraldsdóttir tók sæti Ármanns Kr. Ólafssonar. Laufey Guðjónsdóttir sat í nefndinni um skeið.

11. Caput-Ensemble (Guðni Franzsson, Kolbeinn Bjarnason)
12. Rokktónleikar í L.A.: Hjólmsveitirnar Maus, Quarashi og Slow Blow.

KVIKMYNDIR:

13. "Northern Lights" kvikmyndavikur (5 kvikmyndahátíðir).

LEIKLIST:

14. Brynja Benediktsdóttir: Ferðir Guðríðar (24 sýningar).
15. Hallveig Thorlacius: Brúðuleikhús (yfir 100 sýningar).
16. Helga Arnalds: "Leif the Lucky One"

MYNDLIST:

17. "Icelandic Contemporary Art" í aðalstöðvum IMF.
18. Scandinavia House: Norræn myndlistarsýning (Louisa Matthíasdóttir o.fl.).
19. Myndlistarsýning Sjafnar Har: Chrysler Museum, Norfolk.
20. "Iceland: Land of the Vikings: Ljósmyndasýning Páls Stefánssonar í American Museum of Natural History, New York.
21. Ljósmyndasýning Árna Haraldssonar.
22. Ljósmyndasýning Guðmundar Ingólfssonar og Páls Stefánssonar: Contemporary Art Museum, Virginia Beach.

DANSAR:

23. Þjóðdansahópurinn Sporið.

SÝNINGAR OG MÁLÞING FRÆÐIMANNA:

24. Sýningin "Stefnumót við íslenska sagnahefð" í Library of Congress opnuð 24. maí (endursýnd í Cornell og Manitoba háskóla) og málþingið: "Living and Reliving the Icelandic Sagas" í tengslum við sýninguna með þátttöku menntamálaráðherra.
25. Málþing í Smithsonian um Víkingatímabilið.
26. Rithöfundarþing í Winnipeg: Steinunn Sigurðardóttir, Einar Már Guðmundsson, Böðvar Guðmundsson
27. Hringborðsumræður um íslenska menningu í Vesturheimi: Gimli og Vancouver.
28. Háskólaráðstefna í samstarfi Háskóla Íslands og Manitoba, í Winnipeg.
29. "Höfnin tekur okkur opnum örmum": Sýning í Gimli (farandsýning)
30. Ráðstefna um fiskveiðistjórnun, með þátttöku utanríkisráðherra, Boston
31. Heimsóknir menntamálaráðherra í háskóla til afhendingar Íslendingasagna.
32. Málþing um Vilhjálm Stefánsson í Winnipeg.
33. Fyrirlestur forsætisráðherra v/Manitobaháskóla í tilefni heiðursdoktorsnafnbótar. 34. "Vínland revisited": Fyrirlestur sendiherra við háskóla (Brown, Yale, Cornell, New Haven o.fl.).
35. "Iceland's Strategic Role in N-Atlantic Security": Fyrirlestur sendiherra við World Affairs Council, Norfolk.
36. "Íslendingadagurinn" í Gimli: Ræður forseta Íslands, dr. Kára Stefánssonar, Bjarna Tryggvasonar geimfara, Eric Stefanson o.fl.

MATARGERÐARLIST

Hilmar Jónsson og Siggi Hall, matreiðslumeistarar, stóðu fyrir kynningu á íslenski matargerðarlist á vegum "Iceland Naturally" verkefnisins, í samstarfi við Legal Seafood veitingastaðina, hótél og á áfangastöðum "Íslendinga", auk þess sem þeir komu víða fram í sjónvarpsþáttum.

7. DAGSKRÁ LANDAFUNDANEFNDAR var flutt á eftirtöldum stöðum:

BANDARÍKIN: Minneapolis, Seattle, Washington D.C., Salt Lake City, Los Angeles, San Francisco, Boston, Cape Cod, New York City, Providence (R.I.), Mystic Seaport og New Haven (Conn.), New York. Auk þess var fjölbreytt dagskrá um Ísland í Norfolk (VA) í tilefni Azalea-hátíðar NATO-ríkja 24.-30. apríl. (14 borgir)

KANADA: Ottawa, Winnipeg, Gimli, Árborg, Riverton, Hekley, Lundar, Brandon, Grund, L'Anse aux Meadows, Port Croix, Norris Point, Corner Brook, Port Baseque, Burges, Harbour Breton, Marystown, Placentia, Port de Grave, St. John's, Halifax, Lockport, Markland, Toronto, Kinmount, London, Montreal, Saskatoon, Vatnabyggð, Edmonton, Calgary, Markerville, Vancouver, Victoria Island og Yukon. (35 staðir)

8. "ICELAND NATURALLY..." verkefnið

Það er samstarfsverkefni stjórnvalda, Coldwater Seafood Corp., Flugleiða, Iceland Seafood Corp. og Bændasamtakanna. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins (Magnús Bjarnason, Pétur Óskarsson og Thor Thors) og Ferðamálaráð í New York (Einar Gústafsson og Pétur Ómar Ágústsson) hafa umsjón með verkefninu, sem heldur áfram næstu ár.

Viðskiptaþjónustan annaðist skipulagningu á móttöku "Íslendinga" í 6 höfnum á austurströnd Bandaríkjanna (og Kanada, ásamt Hans Indriðasyni, umdæmisstjóra Flugleiða í Halifax).

Viðskiptaþjónustan annaðist undirbúning að heimsókn forsætisráðherra til Ottawa í samráði við Forsætisráðuneytið (Skarphéðinn Berg Steinarsson), sendiráðið í Washington, D.C. og aðalræðismann í Winnipeg, Svavar Gestsson. Viðskiptaþjónustan skipulagði Íslandsviku í L.A. (2.-9. maí) og heimsókn forseta Íslands þangað, í samráði við ræðismenn Íslands í L.A., Sigurjón Sighvatsson og Sigríði Þórisdóttur. Viðskiptaþjónustan annaðist alls staðar skipulagningu á íslenski matargerðarlist, þar sem hún fór fram. Hún annaðist einnig fjölmiðlatengsl vegna komu Íslendinga á áfangastaði. Flugleiðir, Ferðamálaráð, Landafundanefnd og Utanríkisráðuneytið undirbjuggu heimsóknir fjölmiðlamanna til Íslands fyrir brottför Víkingaskips og á brottfarardaginn, 17. júní, frá Reykjavík. Viðskiptaþjónustan réði fyrirtækið "Smart Research" til að skrá og meta fjölmiðlaumfjöllun (í ljósvaka- og prentmiðlum) um Vínlandssiglinguna og fleiri atburði. Eftirfylgni þess árangurs í fjölmiðlaathygli, sem náðst hefur, verður áfram í verkahring Viðskiptaþjónustunnar og "Iceland, Naturally ..." verkefnisins.

9. "LEIFUR HEPPNI - maðurinn sem (næstum) breytti veröldinni" -

heimildarmynd Valgeirs Guðjónssonar og WARD-TV var sýnd í 220 stöðvum á neti Public Service Television. Áætlað er að áhorfendur hafið verið nálægt 140 milljónum. Styttri gerð myndarinnar fylgir farandsýningunni: Vikings - the N-Atlantic Saga, á 7 sýningarstaði næstu þrjú ár. Spurning: Hvernig hefur öðrum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, sem Landafundanefnd styrkti, reitt af? Ekki hefur enn til þeirra spurzt.

10. THE SAGAS of THE ICELANDERS:

The "Leifur Eiríksson Publishing House" í Reykjavík (Jóhann Sigurðsson) stóð fyrir nýrri heimildarútgáfu Íslendingasagna á ensku, í samræmdri þýðingu helstu færðimanna í greininni. Útgáfan hefur einnig gert samninga við Penguin Classics um útgáfu sagnanna á ensku, við vægara verði. Sendiherra afhenti Clinton forseta viðhafnarútgáfu sagnanna að gjöf frá forseta Íslands. Athöfnin í Oval Office var tekin upp á myndband. Ríkisstjórnin keypti x eintök af útgáfunni. Menntamálaráðherra gaf 770 eintök og sendi Háskólum, bókasöfnum og lærdómssetrum í Bandaríkjunum, ásamt bréfi frá forsætisráðherra. Utanríkisráðherra gaf fulltrúum kanadískra stjórnvalda 500 eintök sagnanna við athöfn í Toronto. Forseti Íslands, forseti Alþingis, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og sendiherra hafa við ýmis tækifæri (fyrirlestra og heimsóknir til Háskóla) gefið eintök af útgáfunni.

11. MYNTSLÁTTA SEÐLABANKA og U.S. MINT:

Minnispeningur um Leif Eiríksson og landafundina var gefinn út á vegum U.S. Mint í Bandaríkjunum, skv. sérstökum lögum frá Congress, og á vegum Seðlabanka Íslands á Íslandi. Hagnaður af útgáfunni rennur til "The Leifur Eiríksson Foundation" sem lýtur sérstakri stjórn og er vistuð hjá University of Virginia. Sjóðurinn mun styrkja fræðimenn til rannsókna og útgáfustarfs. Steingrímur Hermannson, fyrrv. Seðlabankastjóri, annaðist samningagerð af hálfu Seðlabankans.

12. MINNISVARÐAR

um landnám Íslendinga í Vesturheimi voru afhentir og afhjúpaðir á eftirfarandi stöðum á árinu. Forsætisráðherra, Davíð Oddsson, afhenti forsætisráðherra Kanada, Jean Chrétien, stytta Ásmundar Sveinssonar af Guðríði Þorbjarnardóttur og syni hennar, Snorra Þorfinnssyni, fyrsta Ameríkumanninum af evrópskum uppruna, sem fæddur er á meginlandi Ameríku, við upphaf hátíðahalda Landafundanefndar í Kanada, í Siðmenningarsafninu í Hull, (12. apríl). Utanríkisráðherra afhjúpaði stytta Guðrúnar Sigursteinsdóttur, til minningar um landnám íslendinga í Kinmount, Ontario. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra afhjúpaði stytur í Mooseland og Lockport, Nova Scotia, til minningar um byggð íslenzkra manna á þeim slóðum. Maró Söndal, ræðismaður Íslands í Curitiba í Para-fylki í Brazílú, afhjúpaði stytta af Leifi Eiríkssyni við torg, sem skírt var Íslandstorg í Curitiba. Þar búa margir afkomendur Brazílúfara.

13. OPINBERAR HEIMSÓKNIR

Forseti Íslands og menntamálaráðherra voru fyrir Íslands hönd viðstaddir opnun Víkingasýningarinnar í Smithsonian Institute í Washington D.C. 27. apríl sl., ásamt þjóðhöfðingjum Norðurlanda eða fulltrúum þeirra. Forsetinn tók þátt í Íslandsviku í Los Angeles í byrjun maí sl. Forsetinn fór í opinbera heimsókn til Kanada í byrjun ágúst og ávarpaði Íslendingadaginn að Gimli. Forsetinn var einnig viðstaddur opnun Víkingasýningarinnar í American Museum of Natural History í New York í október, vígslu Scandinavia House við Park Avenue í New York og talaði f.h. Norðurlanda í gala-kvöldverði American Scandinavian Foundation. Forsætisráðherra fór tvær ferðir til Kanada á árinu, í apríl og október. Hann þáði heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann í Manitoba; var viðstaddur vígslu nýrra húsakynna íslenska bókasafnsins við háskólann (sem Ísland styrkti rausnarlega). Forsætisráðherra opnaði formlega Menningarsafn Nýja Íslands (New Iceland Heritage Museum) í Gimli. Utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson var fulltrúi Íslands við móttöku Íslendinga til Nýfundnaland og heimsótti íslenska samfélagið í Toronto. Forseti Alþingis, biskupinn yfir Íslandi og Háskólarektor heimsóttu allir byggðir Vestur-Íslendinga á árinu, sem og borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún

Gísladóttir, sem var gerð að heiðursborgara í Winnipeg. Samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, heimsóttu Nýfundnaland og Nova Scotia. Forsætisráðherra Nýfundnaland og Labrador, Brian Tobin, heimsótti Ísland 17. júní og forseti kanadíska senatsins í Ottawa heimsótti Ísland í boði forseta Alþingis (sjá fylgiskjal 2).

14. ÍSLENSKAR SAMTÍMABÓKMENNTIR Á ENSKU

Bækur eftir Böðvar Guðmundsson (*Híbyli vindanna* og *Lífsins tré*); Pál Bergþórsson (*The Vinland Millennium*) og Guðjón Arngrímsson (*Nýja Ísland*) voru þýddar og gefnar út á ensku á árinu.

15. SCANDINAVIA HOUSE

Samnorrænt menningarhús við Park Avenue í New York var vígt og formlega tekið í notkun 17. október sl. Ríkisstjórn Íslands reið á vaðið um fjárstuðning við bygginguna og íslensk fyrirtæki og einkaaðilar lögðu til fé, langt umfram venjulegt framlag Íslendinga í norrænu samstarfi. Bókasafn hússins er kennt við Halldór Kiljan Laxness. Tilkoma hússins skapar öllum Norðurlandþjóðum stórbætta aðstöðu til að koma menningu þjóðanna á framfæri við íbúa heimsborgarinnar.

16. SAMNORRÆN FÉLÖG

Í Bandaríkjunum og Kanada (Sons of Norway, Gustav Vasa Institute, Dannebrog og Suomi) efndu til hátíðahalda vítt og breitt um Bandaríkin og Kanada til að fagna landafundum norrænna manna á meginlandi Ameríku. Sendiherra tók þátt í slíkum samkomum í Washington D.C., Philadelphia, Minneapolis, New Haven, New Orleans, Atlanta og Annapolis.

17. AZALEA HÁTÍÐIN Í NORFOLK

Ísland var í heiðursæti við þessi árlegu hátíðahöld NATO-þjóðanna í Norfolk (VA) á árinu 2000. Azalea-drottning var Íris Huld Halldórsdóttir og var hún landi og þjóð til sóma. Meðal þess sem fram fór má nefna: Íslandskynningu í MacArthur Center, kvikmyndadaga (í Royal Theatre), tónleika með Iceland Trio (Nína Margrét Grímsdóttir o.fl.), jazz-kvartett Sunnu Gunnlaugsdóttur, skólakór Snælandsskóla, myndlistarsýningu Sjafnar Har og ljósmyndasýningu Guðmundar Ingólfssonar og Páls Stefánssonar. Ísland var kynnt með heimsóknum í skóla, með sjónvarpsdagskrám og viðtölum og á málþingi World Affairs Forum.

18. FERÐAMANNAPARADÍS

Lesendakönnun á vegum ferðamálatímaritsins "Recommend Magazine" 1. september leiddi í ljós að Ísland varð fyrir valinu sem "eftirsóttasti áfangastaður" fyrir "eko-turista" (náttúruunnendur) í Evrópu. Og skv. lesendakönnun Washington Post Travel Section í nóv. var Reykjavík ein af tíu "hottest travel destinations" í heiminum á komandi vetri.

19. ÍSLAND OG KANADA OPNA GAGNKVÆMT SENDIRÁÐ

Ríkisstjórn Íslands hefur tilkynnt um opnun sendiráðs Íslands í Ottawa á næsta ári. Fyrirv. utanríkisráðherra Kanada, Lloyd Axworthy, þingmaður frá Winnipeg, notaði tækifærið í ræðu sinni á Íslendingadaginn í Gimli til að tilkynna þá ákvörðun kanadísku ríkisstjórnarinnar að opna sendiráð Kanada á Íslandi á nýju ári (sjá fylgiskjal 2).

20. HVERNIG Á AÐ FYLGJA EFTIR GÓÐUM ÁRANGRI?

Ráðlegt væri að aðstandendur þessa verkefnis kæmu sem fyrst saman til fundar til að meta árangurinn og leggja á ráðin um framhaldið. Í fljótu bragði má nefna eftirfarandi:

- (1) Að standa vel að framkvæmd "Iceland Naturally..." verkefnisins
- (2) Að fjárfesta í Íslandi sem "Ráðstefnu- og heilsuparadís"
- (3) Að veita fé á fjárlögum til utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa til að standa fyrir kynningu og markaðssetningu íslenzkrar menningar erlendis.